

Tillögur til sveitarfélaganna – Samstarf fyrir íbúana

Formaður: Kristján Jón Guðmundsson

Mál eru oft orðin flókin sérstaklega í skipulagsmálum.

Skynsamlegt að vinna saman að verkum sem hafa bein áhrif á annað. T.d skipulagsmál

Samstarf sveitarfélaga skiptir máli – hefur fortíðin haft of mikil áhrif á samstarfið. Löggjöfin hefur lagt áherslu á að sveitarfélögin eigi samstarf. Hæfni sveitarfélaga til að eiga samstarfið.

Frasinn þetta hefur alltaf verið svona – þarf að uppræta hann?

Hugarflug

Sameiginleg atvinnusvæði. Eiga þau ekki að vera í báðar áttir.

Unga fólkið á mun meiri samskipti milli sveitarfélaga en áður var.

Íþróttafélög hafa mikið um það að segja hvernig börnin hafa samskipti – sjá t.d. Vestri.

Mætti auka þennan hitting – félagsmiðstöðvar gætu t.d. byrjað fyrr á haustin, en þá þarf að skoða fjármagn til skólanna til að auka þessi tengsl.

Gæti verið Skóli í skýinu- hann er óhá staðsetningu.

Tækniþróun getur einnig ýtt á meiri samstöðu.

Fræðslumál – komin mikil samstaða þar á milli skóla á Vestfjörðum. Hægt að nýta tæknina meira það sem þarf að gerast er að breyta viðhorfinu þannig að samstarfið þróist.

Samstarf byggist á trausti – því þarf að ná fólk betur saman svo að traustið byggist upp. Þá þarf allt að vera upp á borði.

Ef samstarf er vel mótað og regluverk og ferlar eru settir þá ætti það að geta gengið vel.

Hlutverkið þarf að vera skýrt og gegnsæi. – Egó getur komið þarna upp sér í lagi þegar aðili vill fá meiri þjónustu vegna fjármagns sem sett er inn. Stærð, smæð eða annað sem getur spilað inn í.

Er eitthvað eitt sem gæti orðið til þess að efla sveitarfélögin í samvinnu?

- Svæðisskipulag – skipulagsmál
- Auðlindanýting – sameiginlegar ákvarðanir

Verða Vestfirðir eitt atvinnusvæði í framtíðinni ?

Þegar einn partur af Vestfjörðum eflist þá eflast Vestfirðir í heild!!

Er reyndin sú að embættismenn sveitarfélaga hafa meira samstarf en sveitarstjórnarfolk sín á milli?

Niðurstaða – Samstarf skiptir máli!

Hvernig náum við auknu samstarfi á milli sveitarfélaga? -

- Samtal milli sveitarfélaga – hlusta á hvort annað – reyna að komast að niðurstöðu þó að aðferðirnar séu ekki endilega alltaf þær sömu.
- Deila upplýsingum og þekkingu á milli svæða. Þegar einn partur af Vestfjörðum eflist þá eflast Vestfirðir í heild.
- Efldar samgöngum og bættir vegir leiða af sér meira samstarf þar sem það auðveldar sóknar á atvinnu á milli svæða.
- Mánaðarlegir örfundir – ákveðin málefni undir – sveitarstjórnarmenn og lykilstarfsfólk upplýst.
- Fleiri formleg teymi á milli svæða um ákveðin málefni sem starfa í anda Samfélagssáttmála.
- Starfsmaður teymis ber ábyrgð á að samtalið og samvinnan haldi áfram.
- Skynsamlegt að vinna saman að verkum sem hafa bein áhrif á milli svæða. T.d skipulagsmál, samgöngumál, svæðisskipulag, auðlindanýting á svæðinu.
- Nýta Vestfjarðastofu sem vettvang fyrir umræðu.